



Kópavogsbær

Kynning á innkaupadeild og opinberum innkaupum fyrir innkaupanefnd

Katrín Arnórsdóttir – Sérfræðingur

Hjalti Jón Pálsson – Sérfræðingur

Yfirlit

Innkaupadeild

Innkaupagreiningar og -eftirlit

Lög, reglur, úrskurðir og siðareglur

Opinber innkaupaferli

Yfirlit yfir samninga



Innkaupadeild



Innkaupadeild stofnuð sumarið 2021

Innkaupadeild þjónustar starfsfólk sem sér um innkaup, er leiðbeinandi um val á innkaupaleið og hefur umsjón með framkvæmd útboða og samningastjórnun.

- Markmið innkaupadeildar er að tryggja að farið sé eftir lögum og reglum um opinber innkaup og stuðla að hagkvæmni.
- Stefna, reglur, verklagsreglur og ferli hafa verið mótuð eða endurskoðuð með það í huga að auðvelda ákvarðanatöku, straumlínulaga ferla og skerpa á ábyrgð.
- Markviss samningagerð til að stuðla að aukinni hagkvæmni og fylgja lögum.
- Þróun leiða til að gera samningskaup einfaldari til að tryggja nýtingu samninga.

Samkvæmt lögum ber Kópavogsbæ að framkvæma útboð og gera samninga um vörur, þjónustu og verk þar sem verðmæti heildarinnkaupa á samningstíma er yfir [útboðsmörkum](#).



Innkaupadeild, frh.

Innkaupadeild er á skrifstofu þjónustu, Loftur Steinar Loftsson er þjónustustjóri.


Tvö stöðugildi eru í innkaupadeild.

Innkaupadeild þjónustar svið og skrifstofur samkvæmt [stjórnskipulagi Kópavogsbæjar](#).



Innkaupaferli

Innkaupaferli - FER-0003



Innkaupagreiningar og -eftirlit



Innkaupagreiningar

Innkaupagreiningar eru hluti af samningagerð og samningastjórnun. Greiningar geta m.a. gefið vísbendingar um óhagkvæm innkaup og þörf á samningagerð.

Stjórnendum er gert viðvart ef um er að ræða óhagkvæm innkaup og þeim boðin aðstoð við umbætur.

Innkaupadeildin á frumkvæði að samningagerð þar sem þörf greinist og setur sér markmið um ákveðinn fjölda rammamninga á ári í aðgerðaráætlun. Tilgangurinn er að auka samningskaup til að uppfylla skilyrði laga um opinber innkaup.

Innkaupagreiningar eru einnig notaðar til að skoða nýtingu samninga, hvort samningar séu virtir og skiptingu innkaupa á milli sviða/deilda.



Lög, reglur, úrskurðir og siðareglur



Lög um opinber innkaup nr. 120/2016

Kópavogsbær lýtur að lögum og reglum um opinber innkaup. Starfsfólk bæjarins hefur því ekki heimild til að kaupa hvað sem er, af hverjum sem er.

1. gr. Markmið.

„Markmið með lögum þessum er að tryggja jafnræði fyrirtækja, stuðla að hagkvæmni í opinberum rekstri með virkri samkeppni og efla nýsköpun og þróun við innkaup hins opinbera á vörum, verkum og þjónustu.“

15. gr. Meginreglur við innkaup

*„Gæta skal **jafnræðis**, **meðalhófs** og **gagnsæis** við opinber innkaup. Óheimilt er að mismuna fyrirtækjum á grundvelli þjóðernis eða takmarka samkeppni með óeðlilegum hætti. ...“*

24. gr. Innkaup undir innlendum viðmiðunarfjárhæðum.

*„Við innkaup undir þeim viðmiðunarfjárhæðum sem tilgreindar eru í 1. mgr. 23. gr. skal kaupandi ávallt **gæta hagkvæmni og gera samanburð** meðal sem flestra fyrirtækja. Slíkur samanburður skal jafnan gerður með rafrænum aðferðum. Við þessi innkaup skal **gæta að samkeppni og virða jafnræðisreglu** 15. gr., svo og ákvæði 49. gr. um tæknilýsingar.“*

Sjá nánar á vef Alþingis: [lög um opinber innkaup 120/2016 \(OIL\)](#)



Lög um framkvæmd útboða 65/1993

„1. gr.

Lög þessi gilda þegar útboði er beitt til þess að koma á viðskiptum milli tveggja eða fleiri aðila um verk, vöru eða þjónustu. Lög þessi gilda þó ekki fyrir útboð á fjármagns- og verðbréfamarkaði.

Orðskýringar.

2. gr.

Útboð: Þar sem kaupandi leitar skriflegra, bindandi tilboða í það verk, vöru eða þjónustu sem verið er að bjóða út. Tilboðanna er aflað frá fleiri en einum aðila, samkvæmt sömu upplýsingum og innan sama frests.

Almennt útboð: Útboð þar sem ótilteknum fjölda er með auglýsingu gefinn kostur á að gera tilboð.

Lokað útboð: Útboð þar sem tilteknum aðilum er einum gefinn kostur á að gera tilboð.

Kaupandi: Með kaupanda er í þessum lögum átt við þann sem er kaupandi þess verks, vöru eða þjónustu sem boðin er út.

Bjóðandi: Með bjóðanda er í þessum lögum átt við þann sem býður í það verk, vöru eða þjónustu sem boðin er út.

Forval: Val kaupanda á þeim sem fá að taka þátt í lokuðu útboði.

... 3. gr.

Almenn útboð skal auglýsa í blöðum, útvarpi eða með öðrum almennum hætti þar sem fram kemur hvar og hvenær útboðsgögn eru til afhendingar. Bjóðendur skulu hafa aðgang að upplýsingum sem tilgreina nafn kaupanda eða umboðsmanns hans, það sem verið er að bjóða út, hvaða frestur er til að skila tilboði og hver skilátími þess er sem verið er að bjóða út.

Útboðsgögn skulu innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að gera tilboð. Frestur til að skila tilboði skal ætíð vera hæfilegur miðað við umfang þess sem boðið er út. ...“



Nánari upplýsingar um opinber innkaup

Ýmsar upplýsingar og fróðleik er tengjast opinberum innkaupum er hægt að nálgast á vef Stjórnarráðsins:

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/rekstur-og-eignir-rikisins/opinber-innkaup/innkaup-leidbeiningar/>



Kærunefnd útboðsmála

Kærunefnd útboðsmála:

„Hlutverk kærunefndar útboðsmála er að leysa með skjótum og óhlutdrægum hætti úr kærum fyrirtækja vegna ætlaðra brota á lögum um opinber innkaup og reglum settum samkvæmt þeim. Þar á meðal um almenn innkaup opinberra aðila, innkaup á sviði varnar- og öryggismála, innkaup opinberra aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu og gerð sérleyfissamninga. Nefndin starfar samkvæmt 103. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016.“

[Sjá nánari umfjöllun](#) um kærunefnd útboðsmála.

[Úrskurðir og álit](#) kærunefndar útboðsmála.



Siðareglur kjörinna fulltrúa

Nýjar siðareglur kjörinna fulltrúa í Kópavogi voru samþykktar í bæjarstjórn Kópavogs 28. janúar 2025. Siðareglurnar eru unnar af forsætisnefnd en komið var að endurskoðun þeirra siðareglna sem gilt hafa um kjörna fulltrúa og voru samþykktar í bæjarstjórn Kópavogi árið 2015.

- Við störfum í þágu allra Kópavogsbúa með opnu samtali, virku upplýsingaflæði og hlustum á ólík sjónarmið. Farsæld íbúanna er okkar hjartans mál.
- Við stöndum vörð um fjármuni bæjarins og förum vel með eigur hans enda er traustur rekstur undirstaða farsældar og vaxtar.
- Við nýtum ekki stöðu okkar eða upplýsingar fengnar í starfi í þágu eigin hagsmuna eða hagsmuna tengdra aðila.
- Við störfum af heilindum og ábyrgð, sýnum háttvísi og berum virðingu fyrir skoðunum annarra.
- Það á að vera gott að vinna hjá Kópavogsbæ og í því augnamiði virðum við hlutverk og störf starfsmanna, sýnum kurteisi og tillitssemi í samskiptum við þá.
- Við kynnum okkur málin, komum undirbúin til starfa, segjum satt og rétt frá, gætum trúnaðar og sýnum sanngirni í hvívetna.



Opinber innkaupaferli



Opinber innkaupaferli

- Almennt útboð – Auglýst innkaup
 - Samkeppnisútboð
 - Samkeppnisviðræður
 - Nýsköpunarsamstarf
 - Gagnvirk innkaupakerfi
 - Örutboð
 - Rammasamningur
 - Örutboð
- Lokað útboð – Útvaldir þátttakendur
- Verðfyrirspurn
- Verðkönnun

Hlutverk í útboðsferli

Kaupandi útvegar tækni- eða verklýsingu og kostnaðaráætlun og fer yfir skilgreiningar í lögfræðihluta í samstarfi við innkaupadeild. Kaupandi sér um að skilgreina faglegar og tæknilegar kröfur ásamt valforsendum með stuðningi frá innkaupadeild og lögfræðipjónustu.


Innkaupadeild er faglegur ráðgjafi, stillir upp útboðsgögnum í útboðskerfi (TendSign), rýnir kröfu- og tækni/verklýsingu og sér um framkvæmd útboða.

Innkaupadeild leggur til sniðmát að lögfræðihluta útboðs, sér um uppsetningu útboða, rýni gagna, auglýsingar, opnun útboða, yfirferð hæfishluta tilboða og gildi tilboða, val og töku tilboðs og miðlar upplýsingum milli hagsmunaaðila á útboðstíma.


Lögfræðipjónusta rýnir útboðsgögn, fer með faglega ráðgjöf og kallar eftir úrbótum ef þau standast ekki lög og hefur yfirumsjón með samningagerð.




Undirbúningur útboða



Framkvæmd útboða



Framkvæmdatími útboða



Útboðsferli frá upphafi til enda er að lágmarki 40 dagar, með lögbornum tilboðs- og biðtíma, og allt að 172 dagar eða meira.



Yfirlit yfir samninga



Rammasamningar – Miðlægir samningar

Vöruflokkar:

- RK 01 Skrifstofutæki
- RK 02 Pappírsvörur, rittföng og prentun
- RK 03 Upplýsingatækni og fjarskipti
- RK 04 Húsgögn og innanstokksmunir
- RK 05 Bílar, eldsneyti og orka
- RK 06 Flutningar
- RK 08 Matvörur
- RK 09 Hreinlætisvörur
- RK 11 Rafmagnsvörur og tæki
- RK 12 Byggingarvörur
- RK 14 Þjónusta og ráðgjöf
- RK 16 Umhverfis- og umferðarmál
- RK 17 Þjónusta iðnmeistara - Almennir kaupendur (Kópavogsbær er ekki samningsaðili)
- RK 18 Tryggingar
- RK 19 Rafræn þjónusta

[Samninga er hægt að nálgast hér](#)



Samningar Kópavogsbæjar

Gildandi samningar Kópavogsbæjar er að finna í skjalakerfi (One System).

Samningar sem gerðir eru í kjölfar formlegs innkaupaferlis í umsjón innkaupadeildar í gegnum TendSign (útboðskerfi) eru aðgengilegir starfsfólki á miðlægu [vefsvæði](#) Kópavogsbæjar.

Samningagerð og utanumhald þeirra er í höndum kaupenda með aðkomu lögfræðipjónustu en samningastjórnun (aðild og gildistímar) eru í höndum innkaupadeildar í gegnum TendSign.



Ýmsir hlekkir

[Lög um opinber innkaup 120/2016](#)

[Reglugerð um útboðsvef, viðmiðunarfjárhæðir og innkaup samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar \(WTO\) vegna opinberra innkaupa 360/2022](#)

[Lög um framkvæmd útboða 65/1993](#)

[Gildandi innkaupastefna](#)

[Gildandi innkaupareglur](#)

[Kærunefnd útboðsmála](#).

[Úrskurðir og álit kærunefndar útboðsmála](#)

[Samningar Kópavogsbæjar](#)

[Miðlægir samningar Fjársýslunnar](#)



